

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir **10**  
Alþingi tillögur skógræktarstjóra um þessar girðingar ásamt kostnaðaráætlun. 13. febr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Þór.*

## L Ö G

11

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu. 13. febr.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Við 10. gr. 2. málsg. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Leyfi til þess að reka útibú frá aðalverzlun má veita með sömu skilyrðum og almenn verzlunarleyfi, þótt eigi sé það stofnsett í löggiltum verzlunarstað.

*Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Þór.*

## L Ö G

12

um breyting á hafnarlögum fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 30 14. júní 1929. 13. febr.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Til hafnargerðar í Hafnarfirði veitast úr rikissjóði allt að 1000000 kr., gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 2000000.00 kr. lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að fá til hafnargerðar.

1943

10

12

13. febr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

*Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

13

13. febr.

## L Ö G

um stofnun embættis háskólabókavarðar við Háskóla Íslands.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna embætti háskólabókavarðar. Menntamálaráðherra veitir embættið samkvæmt tillögum háskólaráðs.

2. gr.

Háskólabókavörður skal njóta sömu launakjara sem prófessorar við Háskóla Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Einar Arnórsson.